

Sp.

72. Tillaga til þingsályktunar

um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

F.lm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að leyfð verði yfirfærsla á hæfilega miklum gjaldeyri til Íslendinga, sem nám stunda erlendis.

Greinargerð.

Mjög mikil tregða hefur verið á því, að viðskiptaráð fengist til þess að gefa út gjaldeyrisleyfi fyrir nægjanlega miklu fé til námsmanna erlendis. Hafa nemendurnir orðið að búa við skort við nám, sökum þess að ekki hefur fengist leyfi til yfirfærslu á námskostnaði eftir því, sem nauðsynlegt hefur verið. Einkum hafa þeir nemendur, sem stunda nám allt árið og greiða auk fæðis og húsnæðis há skólagjöld, orðið hér mjög hart úti. Eru dæmi til þess, að þessir nemendur hafi ekki haft nema sem svarar 5—6 þúsund krónur til framfærslu sinnar á ári, og má geta nærri, hve langt slík upphæð hrekkur í löndum, sem enn dýrara er að búa í en á Íslandi.

Það er því nauðsynlegt, að hér verði á einhver breyting og það nú þegar. Fyrir því er þessi þáttill. fram borin og þess vænt, að Alþingi geti fallið á hana.